**13. fundur Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 21. nóvember 2023 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**
Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Kristrún Guðjónsdóttir (KG), Magnús Óskar Hálfdánsson (MÓH) og Hafdís Helga Bjarnadóttir (HHB).

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Helga Bjarnadóttir, tómstundafulltrúi

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir voru við fundarboðun, svo var ekki, og formaður lýsti því fund lögmætan.

**Dagskrá:**

1. **Íþróttahús opnunartími Íþróttamiðstöðvar veturinn 2023-2024 - 2308069**

Mál frá 12. fundi Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.sept 2023.

*Nefndin leggur til, vegna innsendra erinda, að opnunartími íþróttamiðstöðvarinnar verði eftirfarandi til að koma til móts við sem flesta íbúa sveitarfélagsins:*

*Sundlaug*
*- Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-13:00 & 15:00-20:00*
*- Föstudaga: 09:00-13:00*
*- Laugardaga: 11:00-14:00*

*Tækjasalur og íþróttasalur*
*- Mánudaga til föstudaga: 09:00-20:30*
*- Laugardaga: 10:00-14:00*

2. **Leiga á sal. - 2311001**

Tölvupóstur dagsettur 31. okt 2023 frá Pálínu Kristínu Hermannsdóttur varðandi styrk vegna leigu á sal.

*Nefndin telur rétt að Tálknafjarðarhreppur styðji við samfélagsleg verkefni líkt og þetta.*

3. **Tendrun jólaljósa - 2311005**

Tölvupóstur dagsettur 30. okt 2023 frá foreldrafélagi Tálknafjarðarskóla varðandi tendrun jólaljósa.

*Nefndin leggur til að tendrun jólaljósa verði laugardaginn 2. desember 2023. Einnig leggur nefndin til að framvegis verði tendrun jólaljósa haldin fyrir fyrsta í aðventu.*

*Nefndin felur tómstundafulltrúa að fylgja málinu eftir.*

4. **Púkinn 2024 - tilnefningar sveitarfélaga og ungmennaráða í stýrihóp - 2311017**

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 31.10.2023 varðandi barnamenningarhátíðina Púkann árið 2024. Öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum er boðið að skipa fulltrúa í stýrihóp vegna

hátíðarinnar og að auki einn fulltrúa úr ungmennaráði.

*Erindi tekið fyrir og rætt.*

**5. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2308091**

Umfjöllun um fjárhagsáætlun 2024-2027.

*Nefndin leggur áherslu á að það þurfi að standa vörð um félagsstarf ungmenna og að sveitarfélagið bæti aðstöðu þeirra.*

**6. Boð á barnaþing - 2310057**

Erindi frá umboðsmanni barna dagsett 10. okt 2023 varðandi barnaþing.

*Lagt fram.*

**7. Bjartur lífsstíll - 2310109**

Tölvupóstar frá Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands dagsettir 13. og 23. okt 2023 varðandi staðfund um Bjartan lífstíl.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.**

| | |
|---|---|
| Jenný Lára Magnadóttir (JLM) | Kristrún Guðjónsdóttir (KG) |
| Magnús Óskar Hálfdánsson (MÓH) | Hafdís Helga Bjarnadóttir (HHB) |